



**99. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 21. október, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Atvinnumál.
2. Fjárhagsáætlun 2004.
3. Bréf frá ÁTVR.
4. Bréf USAH.
5. Bréf frá Moss, vinabæ Blönduóssbæjar.
6. Bréf frá ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
7. Fundargerð samstarfsnefndar um sorpförgun á NV.
8. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

**1. Atvinnumál.**

*Mættur er Haukur Suska Garðarsson, atvinnuráðgjafi hjá ANVEST til viðræðna við bæjarráð um ferðaþjónustumál. Fundarmenn ræddu stöðu mála ferðaþjónustu á svæðinu og mikilvægi stefnumótunar á þessu sviði.*

*Vék Haukur af fundi að loknum umræðum um þennan lið, kl. 18:30.*

**2. Fjárhagsáætlun 2004.**

*Bæjarstjóri lagði fram drög að áætluðum skatttekjum sveitarfélagsins fyrir næsta fjárhagsár.*

*Farið var yfir punkta frá skólastjóra Grunnskólans á Blönduósi vegna fjárhagsáætlunar.*

**3. Bréf frá ÁTVR.**

*Fram lagt til kynningar bréf Höskuldar Jónssonar, forstjóra ÁTVR vegna bókunar bæjarstjórnarfundar þann 5. október sl. þar sem skertum opnunartíma Vínbúðarinnar er mótmælt.*

**4. Bréf USAH.**

*Boðað er til ársþings USAH 23. október 2004, kl. 13:15 í Félagsheimilinu á Blönduósi.*

**5. Bréf frá Moss, vinabæ Blönduóssbæjar.**

*Vinabær Blönduóssbæjar, Moss í Noregi boðar til friðarráðstefnu fyrir ungt fólk þ. 11. ágúst 2005. Bæjarráð vísar erindinu til fræðslu-, íþrótta- og tómstundanefndar.*



**6. Bréf frá ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.**

*Ráðgjafanefndin og starfsmenn sjóðsins þakka góðar móttökur og gagnlegan fund með bæjarstjóra og bæjarfulltrúum í lok september sl.*

**7. Fundargerð samstarfsnefndar um sorpförgun á NV.**

*Fundargerðin sem er frá 7. október sl. er lögð fram til kynningar. Bæjarstjóri tjáði að fyrirhugaðir eru kynningarfundir í næstu viku í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði. Markmið fundarins er að greina frá stöðu mála og hvaða lausnir eru fyrir hendi í sorpeyðingarmálum á svæðinu.*

**8. Önnur mál.**

**a. Erindi frá lögfræðingi vegna ræktunarlands 86.**

*Auðunn Steinn Sigurðsson vék af fundi vegna skyldleika við málið. Í bréfi, Jóns Höskuldssonar, lögfræðings er óskað eftir rökstuðningi ákvörðunar bæjarstjórnar um að hafna umbjóðendum hans vegna beiðni um að ræktunarland 86 verði eftirleiðis skrá eign þeirra.*

*Bæjarstjóra og lögfræðingi sveitarfélagsins falið að svara erindinu.*

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 19:25.**

Auðunn Steinn Sigurðsson (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)